

Ed.

116. Frumvarp til laga

[79. mál]

um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárjórðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% oliugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafllaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskaflla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1980, en um áramót gengu úr gildi lög nr. 88/1979 um 9% oliugjald til fiskiskipa utan skipta. Meginefni þessa frumvarps er að lögfesta sams konar oliugjald og gildi á árinu 1979 en lækka það í 5%. Þörfin fyrir gjald af þessu tagi er enn brýn, því olíuverðshækkunin, sem var tilefni upphaflegu lagasetningarinnar um oliugjald, hefur reynst hæði meiri og langvinnari en vonast var til, þegar gjaldið var fyrst ákveðið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að engin atvinnugrein hefur orðið jafn harkalega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun á síðustu misserum og sjávarútvegurinn. Þegar í upphafi síðasta árs var olíukostnaðurinn útveginum þungbær og síendurteknar hækkunarir á olíuvörum frá þeim tíma hafa enn aukið á þennan vanda. Góð aflabrögð hafa hins vegar bætt hér nokkuð úr skák. Gasolíuverð er nú rúmlega 155 krónur pr. lítra en var fyrir ári tæplega 58 krónur. Svartolíuverð er nú kr. 108 500 pr. tonn en var fyrir ári 41 800 krónur pr. tonn. Framundan er hætta á frekari hækkun, en þó eru vonir við það bundnar, að nýir viðskiptasamningar við Breska ríkisolíufélagið geti dregið úr þeirri hættu, þegar kemur fram á síðari hluta ársins. Allt er þetta þó mikilli óvissu háð.

Fyrsta olíuverðshækkunaraldan skall yfir í marsmánuði síðastliðnum og var þá samþykkt frumvarp til laga um tímabundið 2.5% olíugjald til fiskiskipa utan hlutaskipta. Óvissa var þá mikil um olíuverð, eins og reyndar er enn, og því erfitt að meta, hvort verðhækkunin væri tímabundin eða varanleg. Skynsamlegast þótti að snúast við áhrifum olíuverðshækkunarinnar þannig, að tekið væri mið af nauðsyn þess að hvetja til olíusparnaðar, þ. e. að fara ekki út á þá braut að greiða niður olíuverðið. Hins vegar var nauðsynlegt að auka tekjur útgerðarinnar, til þess að hún gæti staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það hins vegar að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs, án þess að hlutir sjómanna hækki um leið. Forystumenn sjómanna hafa lýst því yfir, að sjómenn vilji ekki hagnast á því áfalli, sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina, og var haft samráð við sjómannasamtökin, þegar olíugjaldið var tekið upp í mars.

Þegar kom fram á síðastliðið vor, hafði olíuverð enn hækkað verulega frá því, sem var í mars. Var því nauðsynlegt að hækka olíugjaldið í 7% frá 15. maí. Olíuverð hækkaði síðan enn um mitt árið og frá 20. júlí var olíugjaldið utan skipta hækkað í 12%, en að auki kom þá til 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landi almennt hækkað um 3% í júní.

28. september síðastliðinn varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um nýtt fiskverð, er gildi frá 1. október. Ákvörðunin fól í sér, að skiptaverð til sjómanna hækkaði um 9.2%. Forsenda fyrir þessari ákvörðun var, að olíugjald til fiskiskipa sem verið hafði 15%, yrði 9% frá 1. október. Jafnframt var 3% olíugjaldið frá júlí, sem kom til skipta, fellt inn í fiskverðið. Um þessa lausn varð algjört samkomulag í yfirnefndinni.

Þessi breyting á olíugjaldi var síðan gerð með bráðabirgðalögum nr. 88 16. október síðastliðinn, enda hafði þing þá verið rofið. Ákvæðið um 9% olíugjald gildi til 31. desember 1979, eða jafn lengi og fiskverðsákvörðunin.

Þegar verð á olíu var ákveðið 10. desember s. l., var talið, að þær gasolíubirgðir, er þá voru verðlagðar, entust út janúar en svartolíubirgðir fram í miðjan febrúar. Verðákvörðunin tók hins vegar ekki gildi fyrr en 20. desember og því gæti myndast halli á innkaupaþöfnunarreikningi, þar sem hluti af þeim birgðum, sem miðað var við í verðákvörðun í desember, fór á lægra verði fram til 20. desember. Um þetta liggja þó ekki fyrir neinar tölulegar athuganir.

Meðalverð gasolíubirgða við verðákvörðun í desember var \$ 328.83 f.o.b. hvert tonn. Skráð verð í Rotterdam í desember var á bilinu \$ 350—360 og í janúar hefur verðið verið yfir \$ 360, fór hæst í \$ 368 3. janúar. Ekki liggur fyrir innkaupsverð á þeirri olíu, sem komið hefur til landsins í desember og janúar en það gæti verið á bilinu \$ 350—360 eða 7 til 9% herra en viðmiðunarverðið í desember. Þetta gefur visbendingu um hvert stefnir í olíuverði innanlands á næstunni, en engar tölulegar niðurstöður athugana eða tillögur olíufélaga liggja enn fyrir.

Svartolíuverð hefur lítið breyst frá því verðákvörðun var tekin í desember. Viðmiðun þá var \$ 180.38 f.o.b. hvert tonn. Skráð verð í Rotterdam var yfir \$ 180 fram yfir miðjan desember en lækkaði síðan nokkuð og var í \$ 177 samkvæmt síðustu þekkttri skráningu. Ekki virðast því líkur á umtalsverðri breytingu svartolíu-

verðs á næstunni, ef dæma má af markaðsverði. Hækki olía í verði um 7% á næstunni kostar það fiskveiðarnar 1 500 m.kr. á ári. Með þessu frumvarpi fylgir áætlun um rekstur fiskveiða m.v. verðlag í ársbyrjun 1980 og áætlað aflamagn bátaflo­ tans 1979 og afla á hvern togara 1979. Áætlun þessi er á því byggð, að 9% oliugjaldið sé óbreytt. Eins og þetta yfirlit ber með sér er hagur fiskveiða í heild vel viðunandi við þessi skilyrði og með betra móti m.v. reynslu síðustu ára. Hagur minni skut­ togara er þó heldur slakari en verið hefur þrátt fyrir mikinn afla vegna oliuverðs­ hækkunarinnar. Með tilliti til hættunnar á frekari oliuverðshækkun á bilinu 5—10% á næstunni og einnig þess að 1979 var mikið aflaár og ekki víst að 1980 verði jafn gjöfult, virðist ráðlegt að halda áfram oliugjaldi en lækka það úr 9% í 5% eins og hér er lagt til, en þá er ráð fyrir því gert, að fiskverð hækki frá áramótum með nýjum fiskverðssamningum, þannig að útgerðin fái viðunandi afkomu.

Jafnframt þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp, sem einnig tengist ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar síðastliðnum, þar sem kveðið er á um stofnun sérstakrar aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð. Hlutverk þessarar deildar er að greiða verðbætur á afla einstakra fisktegunda í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra stofna, sem fremur eru taldir þola veiðar. Með því frumvarpi er útgerðinni auðveldað að stunda þessar veiðar, þannig að tak­ markanir á sókn í einstakar fisktegundir verði ekki jafn tilfinnanlegar.

Þá er einnig flutt frumvarp um útlutningsgjald af sjávarafurðum og ráðstöfun tekna af því, til þess í senn að létta fiskvinnslunni oliugjaldið nokkuð með því að lækka útlutningsgjaldið úr 6% í 5.5% og tryggja fjármagn til greiðslu aflajöfn­ unarbóta.

Það er megintilgangur þessara þriggja frumvarpa sem flutt eru, að tryggja sem best hag sjávarútvegsins á árinu 1980, og greiða þannig fyrir fiskverðssamningum frá áramótum.

**Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða m. v. verðlag um áramót 1979/80
miðað við áætlað aflamagn ársins 1979
og miðað við 9% oliugjald.**

	M. kr.			
	Bátar án loðnu 21—220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Fjöldi togara		66	15	81
A. Tekjur alls	46 618	52 049	15 775	114 442
1. Seldur afli héraðs	38 540	42 735	10 837	92 112
þ. a. oliugj. utan skipta	2 888	3 160	776	6 824
2. Seldur afli erlendis	5 339	7 029	4 033	16 401
3. Aðrar tekjur	2 739	2 285	905	5 929
(þ. a. úr Aflatrygg.sj.)	(1 191)			
B. Gjöld alls	46 812	53 932	15 685	116 429
1. Aflahlutir	15 490	15 560	2 955	34 005
2. Laun og tengd gjöld	3 842	2 105	2 267	8 214
3. Olíur	6 872	11 216	3 193	21 281
4. Veiðarfæri	4 057	3 260	718	8 035
5. Annar breytill. kostn.	5 919	6 583	3 165	15 667
Breytill. kostn. alls	36 180	38 724	12 298	87 202
Framl. til fasts kostn.	10 438	13 325	3 477	27 240
Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum	22.4%	25.6%	22.0%	23.8%
6. Viðhald	3 850	4 353	1 112	9 315
7. Endurmetnar afskriftir	4 120	6 097	1 140	11 357
8. Vextir	2 662	4 758	1 135	8 555

	Bátar án loðnu 21—220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
C. Hreinn hagnaður	÷194	÷1 883	90	÷1 987
Brúttóhagnaður	3 962	4 214	1 230	9 370
H/A 100	÷0.4%	÷3.6%	0.6%	÷1.7%
Meðalverð aflans kr. á kg				
Landað heima, skiptaverð		171.51	147.18	
Landað erlendis, brúttóverð		500.00	470.00	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. f. m. haus)				
Landað heima		3 186	4 167	
Landað erlendis		213	572	
Samtals		3 399	4 739	

ATHUGASEMDIR VIÐ REKSTRARÁÆTLANIR

Afla- og sóknarforsendur.

Á grundvelli bráðabirgðatalna Fiskifélags Íslands er gert ráð fyrir 17.1% aflaukningu frá 1978 að meðaltali í bátareikningi. Þar af er gert ráð fyrir 19.5% aukningu á botnfiskafla og óbreyttri tegundasamsetningu hans. Ekki er gert ráð fyrir neinni sóknaraukningu bátaflotans milli árána 1978—1979 vegna veiðitakmarkana. Gert er ráð fyrir að meðalafli á úthaldsdag verði 10.3 tonn hjá minni togurunum en 13.5 tonn á stærri togurunum. Er þá tekið tillit til upplýsinga LÍÚ um meðalafli á úthaldsdag á tímabilinu janúar—september. En aflamagn seinasta hluta ársins er byggt á tölum Fiskifélags Íslands og tekið tillit til fjölgunar togara á árinu 1979. Afli seldur erlendis er áætlaður 20 000 tonn hjá skuttogurum en 10 700 tonn hjá bátum. Meðalafli á minni skuttogara er áætlaður 3 399 tonn og á stærri skuttogara 4 739 tonn. Vegna breyttrar samsetningar afla er gert ráð fyrir, að meðalverð sé um 3.4% lægra hjá minni skuttogurum en beinn framreikningur gefur tilefni til. Hjá stærri skuttogurum nemur þessi lækkun 2.7%.

Fiskverð.

Áætlunin er miðuð við fiskverð í árslok 1979 og þágildandi lög um oliugjald. Verð á afla, sem landað er erlendis, er byggt á áætluðu meðalverði 1979 og genginu í ársbyrjun 1980.

Vaxtakostnaður.

Bátar.

Fyrir árið 1978 er byggt á tölum Fiskifélagsins um vaxtakostnað á úthaldsdag. Gert er ráð fyrir því, að rekstrarlánavextir séu 17% af vaxtakostnaðinum og stofnlánavextir 83%. Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir hækkaðir um 21% eða um 335 m.kr.

Minni skuttogarar.

Þjóðhagsstofnun hefur hér endurmetið vaxtakostnað 1978 og samkvæmt því endurmati hefur vaxtakostnaður minni skuttogara verið áætlaður 43.5 m.kr. á togara að meðaltali og er það 12.1 m.kr. lægri tala en fram kemur í úrtaki Fiskifélagsins. Endurmat þetta er byggt á upplýsingum stofnlánasjóðanna um vaxtakostnað 5 skuttogara á ýmsum aldri, og hefur vaxtakostnaður þessara fimm skuttogara verið veginn saman eftir áætlaðri aldursamsetningu flotans. Auk þess er áætlað fyrir vöxtum til aðila utan sjóðanna, en ekki vanskilavöxtum við stofnlánasjóði.

Af framangreindri tölu, 43.5 m.kr., hafa rekstrarlánavextir verið áætlaðir 9.5 m.kr. á togara að meðaltali.

Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir eru áætlaðir 51.8 m.kr. á togara að meðaltali. Rétt er að hafa mikinn fyrirvara um þetta meðaltal, því verulega mikil dreifing er á stofnlánavöxtum innbyrðis milli togara. Þannig má ætla, að nálægt þrjú fjórðu af fjölda minni skuttogaranna beri mun lægri stofnlánsvexti en hér er áætlað að meðaltali og fjórðungur til fimmtungur togaranna beri mun hærri vexti, allt að þrefalda þessa tölu.

Stærri skuttogarar.

Samkvæmt endurmati Þjóðhagsstofnunar hefur vaxtakostnaður stærri skuttogara á árinu 1978 verið áætlaður 49 m.kr. á togara að meðaltali og er það 7.5 m.kr. lægri tala en fram kemur í úrvinnslu Fiskifélagsins.

Af 49 m.kr. vaxtakostnaði hafa rekstrarlánavextir verið áætlaðir 14 m.kr.

Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir eru áætlaðir 45 m.kr. á togara að meðaltali.

Oliukostnaður minni og stærri skuttogara.

Við framreikning oliukostnaðar frá 1978 til áramóta 79/80 er tillit tekið til aukinnar svartolíubrennslu í stað gasolíu. Það er gert þannig, að oliukostnaður svartolíutogara og gasolíutogara er hvort ár um sig veginn með fjölda þeirra togara, sem nota viðkomandi eldsneyti og þannig fundinn meðalkostnaður á skip hvort ár miðað við breytilegan fjölda svartolíu- og gasolíutogara. Sú kostnaðarbreyting, sem þannig kemur fram milli ára er notuð við framreikning frá grunni 1978. Er fjöldi svartolíutogara af minni gerð 39 og af stærri gerð 11. Er gert ráð fyrir því að viðhaldskostnaður svartolíutogara sé 10% meiri en gasolíutogara. Nemur aukning vegna þess 150 m.kr. fyrir minni togarana og 85 m.kr. fyrir stærri togarana. Er þá ekki gert ráð fyrir hugsanlegum olíusparnaði hjá flotanum milli 1978—1979 umfram þann sparnað sem varð vegna breytinga frá gasolíu yfir í svartolíu né heldur fjölgun skipa sem brenna svartolíu frá 39 og 11, sem e. t. v. væri ástæða til að meta inn í dæmið.